

Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um vanda Búmannna hsf.

Frá Guðbjarti Hannessyni.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir lausn á vanda Búmannna hsf. og þá með hvaða hætti?
2. Hverju sætir að húsnæðissamvinnufélög njóta ekki leiðréttingar verðtryggðra fasteignaveðlána, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 35/2014, um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána?
3. Hefur ráðherra ekki áhyggjur af þessu búsetuformi ef ekki finnst viðunandi lausn á vanda Búmannna hsf.?
4. Stendur til að endurskoða lög um húsnæðissamvinnufélög, nr. 66/2003, til að fyrirbyggja vanda af þeim toga sem Búmenn hsf. standa frammi fyrir?
5. Hver er réttur búseturéttarhafa í húsnæðissamvinnufélögum til vaxtabóta eða húsaleigubóta? Sér ráðherra fyrir sér að búseturéttarhafar í húsnæðissamvinnufélögum eigi rétt til væntanlegra húsnæðisbóta?